Nr. 21.
22.
septbr.

# Lög

um

aðflutningsgjald á tóbaki.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skal gjalda toll í landsjóð, 50 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum eða minna skulu goldnar 2 krónur. Af hverjum hundrað vindlingum (sígarettum) eða minna 1 króna.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

Gjaldheimtumenn fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

2. grein.

Á vöruskrám skal tilgreint, hvers konar og hve mikið tóbak sje flutt með hverju skipi, og skal auk þess hver sá, sem fær flutt tóbak frá útlöndum, skyldur til upp á æru og samvizku að segja til, hvort og hve mikið af tóbaki eða vindlum hann hefir fengið frá útlöndum með hverri ferð, og skal hann jafnframt greiða aðflutningsgjaldið.

3. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa leynt sannleikanum í þessu efni, skal hann sæta sektum frá 200 til 2000 króna.

Þeim, sem fyrstur með sannindum ljóstrar upp broti gegn þessum lögum, skal greitt allt að helmingi af upphæð sektarinnar, verði sakborningur uppvís að brotinu. Hinn hluti sektarinnar renni í landsjóð.

4. grein.

Lög 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki, og lög nr. 11, 9. ágúst 1889 um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru hjer með úr lögum numin.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Indførselsafgift af Tobak.

Nr. 21.
22de
Septbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af al Tobak, være sig Røgtobak, Skraatobak eller Snustobak erlægges til Landkassen en Afgift af 50 Øre pr. Pund. Af Cigarer erlægges 2 Kroner pr. 100 Stykker eller et mindre Kvantum. Af Cigaretter erlægges 1 Krone pr. 100 Stykker eller et mindre Kvantum.

Tobaksblade, som indføres under Øvrighedens Tilsyn og benyttes til Badning af Faar, ere undtagne fra Indførselsafgift.

Af Afgiftens Beløb erholde vedkommende Oppebørselsbetjente 2 pCt.

§ 2.

Varefortegnelserne bør indeholde Angivelse af, hvad Slags og hvor megen Tobak der indføres med hvert Skib, hvorhos enhver, som faar Tobak tilført fra Udlandet, er pligtig til paa Tro og Love at opgive, hvorvidt og hvor megen Tobak eller Cigarer han med hver Lejlighed fra Udlandet har modtaget, og samtidig at indbetale Indførselsafgiften.

§ 3.

Bliver nogen overbevist om at have fordulgt Sandheden i den omhandlede Henseende, straffes han med Bøder fra 200 til 2000 Kr.

Indtil Halvdelen af Bødens Beløb udbetales til den, som først sandfærdig angiver en Overtrædelse af nærværende Lov, saafremt den sigtede overbevises; Resten tilfalder Landskassen.

§ 4.

Lov af 11te Februar 1876 om Indførselsafgift af Tobak samt Lov Nr. 11 af 9de August 1889 om Forandring i Lov af 11te Februar 1876 om Indførselsafgift af Tobak ophæves.

Nr. 21.
22. septbr.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. september 1899.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Hørring.*

§ 5. Nr. 21. 22de Septbr.

Denne Lov træder i Kraft den samme Dag, som dens Stadfæstelse bekendtgøres i Regeringstidendes Afdeling B.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22de September 1899.**

---

**Ministeriet for Island, den 22de September 1899.**

*Hørring.*

*Ólafur Halldórsson.*